

Annar fundur haldinn að Breiðabliki sunnudaginn 14. febrúar 2021

að Breiðabliki kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Hersís Þórðardóttir.

Oddviti leitaði frávika frá dagskrá og lagði til að liðurinn fjármál sveitarfélaga yrði tekin á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Farið yfir gjaldskrá vegna Laugargerðisskóla vegna 2021. Ekki var samræmi í gjaldskránni sem sett var á heimasíðu sveitarfélagsins og síðan það sem oddviti taldi vera raunin. Oddviti taldi ekki nægilega skírt eftir hvaða gögnum ætti að fara og vildi því bera það undir hreppsnefnd. Niðurstaða: sveitarstjórn staðfestir að gjaldskrá sem merkt er endanlegt A er rétta gjaldskráin og oddvita falið að setja hana á heimasíðu hreppsins.
2. Fyrirspurn frá Jóni Oddssyni og varðar sameiningarmál sveitarfélaga og hvort unnið hafi verið að slíku eða standi til af hálfu hreppsnefndar Eyja og Miklaholtshrepps. Vegna frumvarps ráðherra um breytingu á sveitarstjórnarstiginu hefur eðlilega skapast umræða um sameiningar sveitarfélaga. Búið er að mæla fyrir frumvarpinu á alþingi. Það er hins vegar mikilvægt að vera undibúin ef til koma sameiningaviðræður. Til þess að svo verði hjá okkur fengum við SSV til að greina þá möguleika sem við höfum. Skilaði SSV greinargerð um það í júlí 2017 sem hefur verið síðan á heimasíðu sveitarfélagsins síðan þá. Einnig hefur verið farið í þá vinnu að skoða meðferð eigna og annað ef til kemur að við förum í viðræður við önnur sveitarfélög. Hreppsnefnd hefur því gert talsvert til að undirbúa samfélagið fyrir sameiningarviðræður ef þær fara af stað. Engar viðræður eru fyrirhugaðar af hálfu nárgrannsveitarfélaga svo vitað sé en mikilvægt að fylgjast með þannig að sveitarfélagið verði tilbúið í slíkar viðræður.
3. Skipulags og byggingarmál í Eyja og Miklaholtshrepp / samstarf við önnur sveitarfélög. Drög að samningi lagður fram til kynningar.
4. Deiliskipulög sem verið hafa í auglýsingu. Þrjú deiliskipulög hafa verið í auglýsingu en engar athugasemdir komu fram frá umsagnaðilum né öðrum, þau far þá núna til frekari skoðunar hjá Skipulagsstofnun og ef ekki koma athugasemdir þaðan verður hægt að staðfesta þau.
5. Fundargerð 112 fundar stjórnar FSS frá 26. Jan. Lögð fram til kynningar.
6. 894 fundur stjórnar sambandsins, fundargerð. Lögð fram til kynningar.
7. Fundarboð á landsþing sambandsins 26. mars. Lagt fram til kynningar
8. Fjármál sveitarfélagsins. Farið var yfir fjármál sveitarfélagsins og áhyggjur með að fjárhagsáætlun vegna ársins myndi mögulega ekki halda.
Niðurstaða: Samþykkt að fá frá KPMG hvað kostar að gera úttekt á fjármálum sveitarfélagsins og hvernig útgjöld og tekjur sveitarfélagsins hafa verið að þróast undanfarin ár sem og einstaka liðir. Jafnframt að fara yfir það hvert stefnir hjá okkur.
9. Refa og minkaveiðar í sveitarfélaginu. Oddviti lagði fram minnisblað með mögulegu fyrirkomulagi á refa og minkaveiðum í sveitarfélaginu. Oddvita falið að kanna hvernig þetta er hjá nokkrum sveitarfélögum og vinna áfram að þessu máli. Atli vék af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Herdís Þórðadóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)